

# STARFSMENN HEIÐRAÐIR

Ásta Bjarnadóttir, *framkvæmdastjóri mannauðssviðs*

*Aldís Magnúsdóttir*  
*teymisstjóri, mannauðssviði*

„Aldís hefur mikla faglega þekkingu og innsýn í sínum málaflokki, er ósérhlífin, réttlát og leitast alltaf við að bæta gæði þjónustunnar.”



*Birna Gerður Jónsdóttir  
aðstoðardeildarstjóri  
fæðingarvaktar,  
kvenna- og barnasviði*

„Birna er heiðarleg  
og góð manneskja  
sem treystandi er á.  
Hún hefur tileinkað sér  
stjórnunarstefnu sem  
einkennist af þjónandi  
forystu og sýnir það  
í verki.”



*Dögg Harðardóttir*

*Deildarstjóri dag- og göngudeildar  
augnlækninga, skurðlækningasviði*

„Dögg heldur um alla þræði á dag- og göngudeild augnlækninga, hefur auðveldað samskipti milli starfsmanna og alltaf haft velferð sjúklingsins að leiðarljósi.“

*Finnur Guðmundsson  
Öryggisvörður og húsvörður  
á Grensási, rekstrarsviði*

„Finnur er mjög gott andlit Grensáss. Þjónustulund Finns er einnig framúrskarandi, hann leysir ekki bara úr vanda fólks heldur gerir hann það á mjög jákvæðan hátt.”



*Guðrún Árnadóttir  
iðjuþjálfari á Grensáasi, flæðisviði*

„Guðrún er vel þekkt innan iðjuþjálfunargeirans á alþjóðavísu en það er líka alltaf hægt að leita til hennar til að fá góð ráð og ábendingar til að auka gagnreynda þjónustu.”

*Klara Kolbrún Guðmundsdóttir  
sérhæfður starfsmaður  
í iðjubjálfun, flæðisviði*

„Klara Kolbrún er þúsund-  
þjalasmiður og góð í öllu  
því sem hún tekur sér fyrir  
hendur, hefur yndislega  
nærveru og er með  
eindæmum samviskusöm  
og ábyggileg í verki.“



*Margrét Jónasdóttir  
deildarstjóri svæfingar við  
Hringbraut, aðgerðasviði*

„Margrét talar alltaf máli  
Landspítala, styður  
sterklega við faglega þróun  
og er framsýn svo af ber.  
Hefði ekki getað hugsað  
mér betri yfirmann.“





*Ragnheiður Snorradóttir  
hjúkrunarfræðingur á gigtar-  
og almenntri lyflækningadeild,  
lyflækningasviði*

„Ragnheiður sinnir nenum  
og nýjum starfmönnum  
með mikilli fagmennsku,  
er ótrúlega jákvæð og  
hvetjandi. Fyrirmyndar  
hjúkrunarfræðingur  
á allan hátt.“



*Sara Hafsteinsdóttir,  
yfirsjúkrahjálfari í  
sjúkrahjálfun, flæðisviði*

„Sara hefur verið traustur,  
góður og jákvæður  
sjúkrahjálfari, félagi  
og leiðtogi öll þau ár  
sem hún hefur starfað  
á spítalanum. Því finnst  
mér hún vera hetja.”

*Vilborg Sigurðardóttir  
hjúkrunarfræðingur á  
móttökudeild 33C, geðsviði*

„Vilborg er afburða  
hjúkrunarfræðingur  
og djúp þekking hennar,  
ásamt einstakri fagmennsku,  
yfirvegum og samvirkusemi  
hefur skilað miklu, bæði til  
sjúklinga og samstarfsfólks.“

# Lyfjatæknar í sjúkrahúsapóteki Landspítala á flæðisviði



„Lyfjatæknum í grunnstarfsemi apóteksins hefur tekist að þjónusta spítalann og halda uppi léttum starfsanda. Þær sýna hver öðrum umhyggju og virðingu, um leið og unnið er í sameiningu að lausn þeirra vandamála sem upp hafa komið”

# Guðlaug Olsen og Jenný Jóna Sveinsdóttir, sjúkraliðar á lungnadeild lyflækningasviðs



„Jenný og Lauga eins og þær eru alltaf kallaðar eru frábærir sjúkraliðar á margan hátt. Þær eru flottar fyrirmyndir og vinna allt sitt starf í anda gilda landspítala. Þeirra framlag til þjálfunar sjúkraliðanema er ómentanlegt, en þær taka á móti og sinna öllum sjúkraliðanemum sem koma í verknám.“